

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, vegna Eyrartröð 2A, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti sem samþykkt var 30. júní 1998 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og öðlaðist gildi 20. nóvember 1998.

Breytingin felst í breytingu á byggingarreit, nýtingarhlutfalli og fyrirkomulagi bílastæða við Eyrartröð 2A.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 13/1999 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 30. júlí 1999.

Skattstjórar skulu í stað 28. október hafa lokið við að úrskurða kærur þann 22. desember 1999 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 20. október 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stafafells og Brekku í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 7. október 1999, samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Raftagil og Víður í landi Stafafells og Brekku í Lóni.

Deiliskipulagið er unnið af Gísla Gíslasyni landslagsarkitekt og dagsett í september 1999. Skipulagið var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 6. ágúst til 18. september 1998. Athugasemdir bárust frá einum

aðila. Hefur bæjarstjórn Hornafjarðar tekið afstöðu til athugasemda og látið gera smávægi-
legar breytingar með tilliti til þeirra.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki
athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 25. október 1999.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar
og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 371/1987,
sbr. samþykktir nr. 140/1996 og 582/1996.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-hluta (i) 62. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. orðast svo:

Tækninefnd. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og vara-
formann nefndarinnar. Nefndin hefur umsjón með verklegum framkvæmdum á vegum
bæjarins og vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumálum, eftir því sem nánar er kveðið á
um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.

b. Í stað orðanna „veitu- og umhverfisnefnd“ í upphafi 10. tölul. kemur: Umhverfisnefnd.

c. Eftirfarandi málslíður í 10. tölul. fellur brott: „Nefndin fer með vatnsveitu-, hitaveitu-
og fráveitumál.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og
25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Hólmavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu
hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á
Hólmavík:

Aðalbrautir:

Hólmavíkurvegur.

Hafnarbraut.